

refsað fyrir nytjastuld bifreiðarinnar, ef um hann yrði talið að ræða, og ber þegar af þeirri ástæðu að sýkna ákærða af ákærinni um brot gegn XXVII. kafla hegningarlaga.

Þar sem þau alvarlegu meiðsl, sem rakin hafa verið, hlutust af tilverknaði ákærða, ber að heimfæra brot hans undir 219. gr. hegningarlaga. Samkvæmt þessari grein og 37. gr. 1. mgr., 38. gr. og 39. gr. áfengislaganna og 38. gr. bifreiðalaganna og með hliðsjón af 77. gr. hegningarlaga þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin varðhald í 30 daga. Samkvæmt 21. sbr. 39. gr. áfengislaganna og 39. gr. bifreiðalaga ber að svipta ákærða bifreiðarstjóraréttindum í 6 mánuði frá birtingu dóms þessa.

Ákærða ber að dæma til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Eigandi bifreiðarinnar R 3378 hefur lýst yfir, að hann geri engar skaðabótakröfur á hendur ákærða, enda skemmdist nefnd bifreið ekkert, er hún rakst á húsvegginn, og engar skaðabótakröfur hafa heldur fram komið frá öðrum aðiljum á hendur ákærða.

Sú hlið málsins, er snýr að broti Björgvins Kristins Hannessonar á 1. mgr. 17. gr. áfengisлага, hefur verið afgreidd sérstaklega með réttarsátt.

Á rekstri þessa máls hefur enginn óþarfa dráttur orðið.

D ó m s o r ð :

Ákærði, Niels Jón Hannesson, sæti varðhaldi í 30 daga, og er hann sviptur bifreiðarstjóraréttindum í 6 mánuði frá birtingu dóms þessa.

Ákærði greiði allan sakarkostnað.

Dómi þessum skal fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 7. nóvember 1947.

Nr. 37/1947. **Valdstjórnin** (Hrl. Ragnar Jónsson)

gegn

Sigurði Sigurðssyni

(Hrl. Sigurgeir Sigurjónsson).

Ölvun við akstur bifreiðar. Brot gegn bifreiðalögum og áfengislögum.

Dómur hæstaréttar.

Atferli kærða varðar við 3. mgr. 23. gr. bifreiðalaga nr. 23/1941 auk lagaákvæða þeirra, er í héraðsdómi greinir. Með þessari athugasemd ber að staðfesta hinn áfrýjaða dóm

og dæma kærða til að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflytningu- og skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, kr. 450.00 til hvors.

D ó m s o r ð :

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Kærði, Sigurður Sigurðsson, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin laun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, hæstaréttarlögmannanna Ragnars Jónssonar og Sigurgeirs Sigurjónssonar, kr. 450.00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur lögregluréttar Reykjavíkur 5. nóvember 1946.

Ár 1946, þriðjudaginn 5. nóvember, var í lögreglurétti Reykjavíkur, sem haldinn var á skrifstofu sakadómara af fulltrúa hans, Einari Ingimundarsyni, upp kveðinn dómur í málinu nr. 3521/1946: Valdstjórnin gegn Sigurði Sigurðssyni.

Mál þetta, sem tekið var til dóms þ. 18. okt. s. l., er af valdstjórnarinnar hálfu höfðað gegn Sigurði Sigurðssyni málara, til heimilis að Holtsgötu 20 hér í bæ, fyrir brot á áfengislögum nr. 33 9. janúar 1935, bifreiðalögum nr. 23 16. júní 1941 og reglugerð nr. 72 24. júní 1937.

Kærði er kominn yfir lögaldur sakamanna, fæddur 22. apríl 1914 í Vestmannaeyjum, og hefur hann, svo kunnugt sé, sætt eftirfarandi kærur og refsingum.

1938 $\frac{1}{10}$ Dómur lögregluréttar, 100 kr. sekt og sviptur ökuskirteini í 3 mánuði fyrir brot gegn bifreiðalögum, áfengislögum og umferðarreglum.

1940 $\frac{1}{4}$ Áminning fyrir brot gegn lögreglusamþykkt Reykjavíkur.

1940 % Sátt, 25 kr. sekt fyrir ölvun á almannaferi.

Málavextir eru þeir, sem nú skal greina:

Laugardaginn 25. maí s. l. um kl. 11 að kvöldi ók bifreiðin X 199 austur þjóðveginn í Ölfusi. Stjórnandi nefndrar bifreiðar var Gísli E. Bjarnason, til heimilis í Hveragerði, og enn fremur var í henni sem farþegi Páll Aðalsteinsson, til heimilis að Reykjum í Ölfusi. Er fyrrnefnd bifreið var stödd undir Ingólfsfjalli við vegamótin, þar sem vegurinn liggur niður að Selfossi, ók hún fram á bifreiðina R 1966. Virtist stjórnanda bifreiðarinnar X 199 akstur bifreiðarinnar R 1966 harla einkennilegur, og taldi hann einsætt, að stjórnandi þeirrar bifreiðar myndi vera undir áfengisáhrifum. Þess skal

getið, að fyrr hafði stjórnandi bifreiðarinnar X 199 fundið hjólkopp af bifreið og hirt hann, og enn fremur sá hann rispur á handriði brúarinnar yfir Gljúfurholtsá í Ölfusi, en þar fann hann hjólkoppinn. Undir Ingólfsfjalli, við fyrrnefnd vegamót, stöðvuðust báðar bifreiðarnar, og þar eð grunur var fallinn á kærða, er stjórnandi bifreiðinni R 1966, um, að hann væri ekki allsgáður, varð það að ráði, að Páll Aðalsteinsson, er fyrr er getið, æki bifreið kærða austur að Selfossi, en þar var Gísla Bjarnasyni lögregluþjóni gert aðvart, og tók hann bifreið hans í sína vörzlu og gerði aðrar ráðstafanir, er venjulegar eru í sambandi við grun um ölvun við bifreiðaakstur.

Gísli E. Bjarnason, Hveragerði, 28 ára að aldri, sem kvaddur hefur verið sem vitni í máli þessu, hefur skýrt svo frá, að sér hafi virzt sem kærði hefði ekki vald á bifreiðinni R 1966, er hann ók á eftir henni nokkurn spöl í Ölfusi, því að bifreið kærða hafi slagað á milli vegbrúnanna. Er vitnið hafði tal af kærða, eftir að bifreiðarnar stöðvuðust, þóttist það finna áfengislykt úr vitum kærða, hafi hann enn fremur verið sljór til augnanna, en ekki hafi það heyrt á mæli hans. Vitnið kveður hjólkopp þann, er fyrr er getið um, hafa reynzt vera af bifreið kærða, vinstra framhjólí. Þá kveðst vitnið hafa boðizt til að láta Pál Aðalsteinsson aka bifreið kærða niður að Selfossi, og hafi hann það það. Vitnið kveðst ekki hafa séð kærða neyta áfengis þarna á staðnum, en telur ekki vafa á, að kærði hafi verið undir áfengisáhrifum, eftir því að dæma, hvernig hann ók bifreiðinni, og einnig hafi útlit hans bent til þess. Það kveðst ekki hafa séð neinn mismun á útliti kærða þarna við vegamótin og er austur að Selfossi kom.

Páll Aðalsteinsson, Reykjum í Ölfusi, 19 ára að aldri, sem borið hefur vitni við rannsókn þessa máls, hefur skýrt svo frá, að hann hafi verið farþegi í bifreiðinni X 199 í umrætt skipti, og minnir það, að kærði hafi beðið það að aka bifreið sinni að Selfossi, eftir að staðnæmzt var við vegamótin undir Ingólfsfjalli. Vitnið kveður bifreiðina R 1966 hafa verið í ólagi, þannig að „felga“ á vinstra framhjólí hafi verið bogin, og hafi bifreiðin látið illa að stjórn vegna þessa og annarra bilana á henni. Vitnið ók bifreið kærða frá margnefndum vegamótum austur að Selfossi, og gizkar það á, að það hafi verið á að gizka 5 mínútur á leiðinni. Það kveður kærða hafa sopið á áfengisflösku á leiðinni niður að Selfossi, en kveður lítið hafa verið eftir í henni, og hafi hún legið aftur í bifreiðinni opin, er það leit fyrst inn í bifreið kærða, og hafði innihaldið runnið út úr henni í bifreiðina. Þetta vitni kveður sér hafa virzt sem kærði hafi ekki verið fullfær að aka bifreið, eins og hann var, er það sá hann, ekki vilji það þó fullyrða, að hann hafi verið undir áfengisáhrifum, en telur þó, að hann hafi þó bragðað áfengi og hafi útlit hans og fas bent til þess.

Vitnið Gísli Bjarnason, lögregluþjónn á Selfossi, 31 árs að aldri,

hefur borið það við ransókn þessa máls, að kærði hafi bersýnilega verið undir áfengisáhrifum, er það sá hann, eftir að austur að Selfossi var komið. Hafi það séð það á útliti hans og heyrt það á mæli hans, en telur kærða hafa verið rólegan í skapi.

Sjálfur hefur kærði við rannsókn þessa máls eindregið neitað því, að hann hafi verið undir áfengisáhrifum og yfirleitt bragðað áfengi við akstur bifreiðarinnar R 1966, fyrr en eftir að Páll Aðalsteinsson hafði tekið við stjórn hennar undir Ingólfsfjalli, en eftir það kveðst hann hafa teygð úr brennivinsflösku, er hann hafði meðferðis, og gerzt ölvaður af þessari vinneyzlu og verið það, er að Selfossi kom. Kveðst hann hafa teygð meira en helming úr flöskunni í þær 5—10 mínútur, sem hann telur þá Pál hafa verið að aka frá vegamótunum við Ingólfsfjall að Selfossi. Kærði hefur ekki viðurkennt, að nefnd brennivinsflaska hafi verið nærri tóm, er þeir félagar hittu hann við Ingólfsfjall, heldur hafi hún þá verið full, og hefur hann haldið fast við þenna framburð sinn. Kærði hefur viðurkennt, að hann hafi ekið utan í handrið brúarinnar yfir Gljúfurholtsá í Ölfusi á leið sinni austur og telur það óhapp aðallega hafa stafað af því, að hemlar hafi þvingað misjafnt á hjólum bifreiðar sinnar. Kveðst hann hafa orðið leiður vegna þessa óhapps og meðal annars þess vegna tekið að neyta áfengis, eftir að hann lét af stjórn bifreiðarinnar, hann kveðst einnig hafa orðið taugaóstyrkur við áreksturinn og hafi hann beðið Pál Aðalsteinsson að aka bifreið sinni, eftir að fundum þeirra bar saman. Þá hefur kærði borið það, að hann hafi verið illa upplagður til að aka bifreið í umrætt skipti, þar eð hann hafi verið haldinn sljóleika og þreytu sakir ölvunar næstu nótt áður, hafi hann litið sofið þá nótt og ekki neytt kvöldverðar um kvöldið, áður en hann lagði af stað áleiðis austur, en það telur hann að hafi verið um kl. 9 e. h. og hafi förlinni verið heitið að Ártúni á Rangárvöllum.

Framangreindum framburði sínum um áfengisneyzlu umrætt kvöld hefur ákærði ekki fengizt til að breyta, þótt honum hafi verið hent á ósamræmið í honum og framburði vitna og annað, er ósennilegt og útilokað telst í framburði hans, sbr. að hann hafi gerzt mikið ölvaður og neytt geysimikils áfengismagns á aðeins 5—10 mínútum.

Blóðsýnishorn var tekið úr kærða, er austur að Selfossi kom, og sýndi það við rannsókn sem svarar 2,11‰, tvo komma ellefu af þúsundi, alkoholsmagns í blóði hans. Kærði er eigandi bifreiðarinnar R 1966.

Hafa nú málavextir verið raktir, eftir því sem ástæða þykir til, byggðir á framburði vitna og kærða sjálfs.

Kærði hefur með eigin játningu viðurkennt, að hann hafi verið illa fyrirkallaður og haldinn sljóleika og þreytu við bifreiðar-akstur í umrætt skipti, og kæmi því til mála að dæma hann fyrir

brot gegn 3. málsgr. 23. gr. bifreiðalaga nr. 23 16. júní 1941, sbr. 38. gr. sömu laga. En hann hefur einnig jatað, að hann hafi verið allölvaður, er hann kom austur að Selfossi, enda styður framburður vitnisins Gísla Bjarnasonar og blóðsýnishorn kærða þann framburð hans. Hins vegar getur rétturinn ekki tekið þá fullyrðingu kærða trúanlega, að ölvun þessi stafi einungis af áfengisneyzlu á 5—10 mínútum, eins og kærði heldur fram, og enn fremur, að hann hafi nærri tæmt heila flösku af óblönduðu brennivíni á svo stuttum tíma, og með hliðsjón af framburði vitnisins Gísla E. Bjarnasonar, Hveragerði, og vitnisins Páls Aðalsteinsonar að verulegu leyti telst nægilega sannað, að hann hafi ekið bifreið undir áfengisáhrifum, og hefur hann með því brotið gegn 21. gr. áfengislaga nr. 33 9. janúar 1935 og 1. málsgr. 23. gr. bifreiðalaga nr. 23 16. júní 1941. Telja verður og sannað, að kærði hafi ekið ógætilega, er hann ók á handrið brúar, er hann fór yfir, og hefur hann með því brotið gegn 1. málsgr. 27. gr. bifreiðalaga sbr. 1. málsgr. 26. gr. sömu laga. Enn fremur hefur kærði með því að aka bifreið með misþvingandi hemlum brotið gegn 3. tölul. 2. gr. reglugerðar nr. 72 1937 um gerð og notkun bifreiða, og þykir refsing ákærða samkvæmt 39. gr. áfengislaga og 38. gr. bifreiðalaga hæfilega ákveðin varðhald í 10 daga.

Þá ber samkvæmt 39. gr. bifreiðalaga og 21. sbr. 39. gr. áfengislaga að svipta kærða leyfi til að aka bifreið ævilangt, þar eð um ítrekað brot er hér að ræða, og kemur ökuleyfissvipting þessi til framkvæmdar frá birtingu þessa dóms að telja.

Kærða ber að dæma til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar með talin málsvarnarlaun til hrl. Sigurgeirs Sigurjónssonar, kr. 250.00.

Restur málsins hefur verið vitalaus.

D ó m s o r ð :

Kærði, Sigurður Sigurðsson, sæti varðhaldi í 10 daga.

Hann skal sviptur leyfi til að aka bifreið ævilangt, og kemur ökuleyfissviptingin til framkvæmda frá birtingu þessa dóms að telja.

Kærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns í máli þessu, Sigurgeirs Sigurjónssonar hrl., kr. 250.00.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.